



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANNDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Vinnuskóli Strandabyggðar 2019

Vinnuskóli Strandabyggðar er metnaðarfullt tómstundastarf unnið í samstarfi tómstundafulltrúa, áhaldahúss, Leikfélags Hólmavíkur og ungmenna á svæðinu. Í vinnuskólanum er unglingum skapað öruggt og gefandi starfsumhverfi þar sem ungmenni kynnast fjölbreyttum störfum, temja sér vinnusiðferði og marka sér stefnu fyrir framtíðina.

Vinnuskólinn verður starfræktur frá **3. júní til 9. ágúst** en lengd vinnudags og fjöldi vinnuvikna fer eftir fæðingarári.

Ásamt hinum hefðbundna vinnuskóla gefst ungmennum í Strandabyggð færi á launaðri vinnu við aðstoð á leikskólanum og Strandir í verki. Rakel Ýr sér um það verkefni, umsækjendur þurfa að vera fæddir á árunum 2001 – 2005 og eiga forsjáraðila búsettann í Strandabyggð.

Áhugi á störfum á sviði lista og menningar, hvort heldur sem það er að koma fram, skapa eða sinna tækni- og markaðslegum hliðum listrænna verkefna er nauðsynlegur.

Ef einhver þarfnast sérstakra ráðstafanna vegna búsetu, vinnugetu eða hvers sem er vinsamlegast hafið samband við Aðalbjörgu tómstundafulltrúa með góðum fyrirvara.

*Athugasemdir og spurningar berist til Aðalbjargar S., tómstundafulltrúa,
tomstundafulltrui@strandabyggd.is eða í síma 4513511/6967046*

Með ósk um gott, skemmtilegt og lærdómsríkt sumar

Fyrir hönd Vinnuskólans,

Aðalbjörg S. Sigurvaldadóttir

Tómstundafulltrúi Strandabyggðar



Reglur Vinnuskóla Strandabyggðar

1. Einstaklingur sem sækir um starf í Vinnuskóla Strandabyggðar er með umsókn sinni að lýsa áhuga á að taka þátt í starfi skólans, vinna samvisskusamlega þau verk sem honum eru falin og taka virkan þátt í öllum viðburðum skólans.
2. Vinnuskólinn er í boði fyrir börn fædd árin 2001-2006. Hér er skipulag sumarsins:

Aldur/Fæðingarár	Vikufjöldi	Lengd dags	Vinna hefst	Vinnu lýkur	Tímakaup
13 ára/2006	2	hálfur	11.jún.19	25.jún.19	591
14 ára/2005	6	hálfur	06.jún.19	17.júl.19	771
15 ára/2004	8	hálfur	06.jún.19	31.júl.19	980
16 ára/2003	8	heill	06.jún.19	31.júl.19	1374
17 ára/2002	10	heill	03.jún.19	09.ágú.19	1476
18 ára/2001	10	heill	03.jún.19	09.ágú.19	1799

Unnið verður alla virka daga, hálf dags vinna frá kl. 8:30 til kl. 12:00. Heilds dags vinna frá 8:00-17:00 mánudaga til fimmtudaga og 8:00-12:00 á föstudögum. Þeir einstaklingar sem eru í heilds dags vinna taka klukkutíma matarhlé. Ekki er reiknað með að nemendur fari heim eða í verslun í kaffihlé á vinnutíma.

3. Klæðnaður þarf að vera í samræmi við veður og vinnuáðstæður. Persónulegir munir og fatnaður nemenda eru ekki tryggðir og verða ekki bættir af sveitarfélaginu.
4. **Veip,-tóbaks-og vímuefnanotkun ásamt neysla orkudrykkja er að sjálfsögðu alfarið bönnuð, líka í pásam. Notkun farsíma eru ekki leyfð nema í samráði við leiðbeinanda.**
5. Nemendum er skipt í vinnuhópa sem eru breytilegir eftir þörfum og verkefnum. Verkefnin eru margvísleg og þurfa nemendur því að vera viðbúnir breytingum, t.d. á vinnusvæði og vinnutíma.
6. Athugið að aðrir vinnuveitendur leita oft umsagnar flokkstjóra Vinnuskólans varðandi ráðningar starfsfólks. Nemendur fá umsögn frá leiðbeinanda að starfstíma loknum.
7. Forsjáraðilar þurfa að tilkynna umsjónamanni vinnuskólans um veikindi og ofnæmi nemenda svo mögulegt sé að taka tillit til þess. Vinnuskólinn áskilur sér rétt til að biðja um læknavottorð telji umsjónarmanni þörf á því. Ef nemandi þarf að taka frí frá vinnu skal forsjáraðili óska eftir því við umsjónamann með minnst tveggja daga fyrirvara.
8. Ef eitthvað kemur upp á í vinnuskólanum sem þið eruð ósátt við, þá er um að gera að ræða málin við ykkar yfirmenn eða foreldra. Þessir aðilar munu aðstoða ykkur við að vinna úr málunum, þótt það sé stundum erfitt. Munið að vera kurteis og sýna kurteisi, hlustið og krefjist þess að á ykkur sé hlustað.

--Geymið þessar upplýsingar--

STRANDABYGGÐ HÖFÐAGATA 3 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410